

degi. Þá ber og að dæma stefnda til að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1200.00.

Árni Tryggvason borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, h/f Slippfélagið í Reykjavík, greiði stefnanda, Ludvig Larsen, kr. 17200.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 6. júní 1944 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbertingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. júní 1946.

Nr. 44/1945. **Jón Jónsson** (Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn

Ingólfi Guðmundssyni og gagnsök
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. apríl f. á., krefst þess, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að lækkuð verði fjárhæð sú, er dæmd var í héraði. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. apríl f. á. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 2347.27 með 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1944 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Svo krefst hann þess og, að viðurkenndur verði lögveðréttur í bifreiðinni K 16 honum til handa til tryggingar kröfum þessum.

Bifreiðarstjórinn á K 16 ók af stæðinu á ská inn á hægri helming Laugavegar, sem er aðalbraut, og gætti ekki nægilega að umferðinni, eins og á stóð. Bifreiðarstjórinn á R 155 kom á eftir honum og sá til ferða hans. Átti hann því að

geta varazt árekstur, ef hann hefði gætt nægilegrar var-
úðar. Samkvæmt þessu eiga þeir báðir jafna sök á árekstrin-
um. Er því rétt að láta hvorn aðilja bera helming tjónsins.

Krafa vegna viðgerðar á R 155, kr. 947.27, er ekki vé-
fengd að fjárhæð til. Ætla má, að gagnáfrýjandi hafi beðið
nokkurt tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar, og þykja
bætur fyrir það hæfilega metnar kr. 300.00.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi dæmdur til að
greiða gagnáfrýjanda kr. 623.63 með vöxtum, eins og kraf-
izt er.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist, en rétt
þykir, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Loks ber að dæma gagnáfrýjanda lögveðrétt í bifreiðinni
K 16 til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Jón Jónsson, greiði gagnáfrýjanda,
Ingólfi Guðmundssyni, kr. 623.63 ásamt 6% ársvöxt-
um frá 8. nóvember 1944 til greiðsludags og kr. 300.00
í málskostnað í héraði, en málskostnaður í hæstarétti
fellur niður. Gagnáfrýjandi hefur lögveðrétt í bifreið-
inni K 16 fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að
lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. marz 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Ingólfur Guð-
mundsson stórkaupmaður, Garðastræti 14 hér í bæ, höfðað fyrir
bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 8. nóvember f. á., gegn
Jóni Jónssyni, Hofi í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, til greiðslu
skaðabóta, að fjárhæð kr. 2347.27, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. októ-
ber 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá krefst
stefnandi og þess, að viðurkenndur verði með dómi lögveðréttur
hans í bifreiðinni K 16 fyrir framangreindum kröfum.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttar-
gæzlu í málinu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til
vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 17. ágúst f. á., um kl. 6 síðdegis, var bifreið stefnanda, R 155, á leið niður Laugaveg, og kveður bifreiðarstjórinn ökuhraðann hafa verið 15—20 km, miðað við klukkustund. Skýrir bifreiðarstjórinn svo frá, að hann hafi verið að koma að vegamótum Rauðarárstígs og Laugavegar, þegar hann sá, að bifreiðinni K 16, eign stefnda, var ekið inn á Laugavegin, að sunnan. Kveðst hann hafa gert ráð fyrir, að K 16 yrði stöðvuð, þar eð Laugavegur er aðalbraut, og því hafi hann haldið áfram. Hinni bifreiðinni var þá ekið á ská yfir Laugaveg, og kom það bifreiðarstjóranum á R 155 á óvart, svo að hann varð of seinn til að stöðva bifreið sína, og rakst hún aftan á K 16 hægra megin. Hlutust af því miklar skemmdir á framenda og vinstri hlið bifreiðarinnar, og lauk viðgerð á þeim 23. september f. á. Telur stefnandi bifreiðarstjóran á K 16 hafa valdið slysi þessu með ógætilegum og ólöglegum akstri og beri stefndi því bótaábyrgð á öllu því tjóni, er af árekstrinum varð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að bifreiðarstjórinn í bifreið stefnanda hafi einn átt sök á slysinu, og hafi of hraður og ógætilegur akstur hans við gatnamótin valdið því. Heldur hann því fram, að bifreiðarstjórinn á K 16, sem ók með 10—15 km hraða og hóf ferð sína af auðri lóð rétt við gatnamótin, hafi, er að þeim kom, litið til hægri inn Laugaveg og ekki orðið var bifreiðar stefnanda. Hafi hann því haldið áfram yfir Laugaveg í því skyni að beygja síðan aftur yfir götuna og inn í bifreiðasmiðju þá, sem stendur við gatnamótin. Hins vegar hafi R 155 rekizt aftan á K 16, rétt áður en hún komst upp að gangstéttinni norðan Laugavegar. Af samanburði á ökuhraða bifreiðanna sé því ljóst, að R 155 hafi átt svo langa leið ófarna til gatnamóta, að reglurnar um aðalbraut geti ekki átt hér við, en auk þess hefur stefndi véfengt, að nokkur merki um aðalbraut hafi verið sett við gatnamót þessi. Þá hefur stefndi og bent á, að bifreiðarstjórinn í R 155 hafi ekki farið að lögum, er hann ók á hægri vegarhelmingi, enda megi rekja orsök árekstrarins til þess, og auk þess hafi hann sýnt vangæzlu með því að gefa hvorki hljóðmerki til viðvörunar né nota hemla í tæka tíð.

Þótt eigi verði talin fram komin í máli þessu full sönnun þess, að merki um aðalbraut hafi verið á gatnamótunum við þetta tækifæri, þykir leið sú, er stjórnandi K 16 hafði í hyggju að fara, vera svo óvenjuleg á þessum slóðum, að telja verður, að honum hafi borið að gæta hinnar ýtrustu varkárni. Þar er ekki þykir ljóst af því, sem upp hefur komið í málinu, að mismunur á ökuhraða bifreiðanna hafi verið svo mikill, sem stefndi heldur fram, þykir sú staðreynd, að stjórnandi K 16 sá ekki bifreið stefnanda, bera því vott, að hann hefur ekki beitt þeirri aðgæzlu, sem honum var skylt, og þá sérstaklega, er hann beygði sem næst þvert yfir Lauga-

veg, án þess að gefa nokkurt merki um það. Hins vegar verður og litið svo á, að stjórnandi R 155 hafi ekki gætt sin sem skyldi, er hann varð þess var, að K 16 stöðvaðist ekki við gatnamótin, þar eð hann dró ekki nægilega snemma úr hraðanum, og ekki er sýnt, að hann hafi gert vart við sig með hljóðmerkjum. Samkvæmt 1. málsgrein 34. gr. laga nr. 23 frá 1941, sbr. 4. málsg. sömu greinar, ber því að skipta sök á slysi þessu, og þykir samkvæmt framanrituðu rétt, að stefndi beri ábyrgð á tjóni því, er af hlaut, að $\frac{2}{3}$ hlutum, en stefnandi að $\frac{1}{3}$.

Verður nú athuguð fjárhæð bótakröfunnar. Skiptir stefnandi henni svo:

1. Viðgerðarkostnaður	kr. 947.27
2. Bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar í 35 daga, kr. 40.00 um dag hvern	— 1400.00
	Samtals kr. 2347.27

Um 1. Við munnlegan flutning málsins féll stefndi að mestu frá mótmælum sínum gegn þessum lið, sem verður því tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. Stefnandi rökstyður þenna kröfulið með því, að þótt bifreið hans sé fólksflutningabifreið (Hupmobile 1936), hafi hann haft hennar mikil not við heildverzlun sína, I. Guðmundsson & Co. hér í bænum, svo og nokkur not við bifreiðaverzlunina H. Jónsson & Co., sem stefnandi er meðeigandi að. Kveðst hann hafa notað bifreiðina til ýmiss konar sendiferða og vöruflutninga og telur kröfu sinni í hóf stillt, að því er dagbætur varðar. Þá hefur hann og afsakað drátt þann, er virðist hafa orðið á viðgerðinni, með því, að annir í bifreiðasmiðjunni hafi valdið, svo og því, að biða hafi þurft umsagnar trúnaðarmanns Sjóvátryggingarfélagss Íslands h/f.

Stefndi hefur andmælt því, að stefnandi hafi haft nokkur not bifreiðar sinnar í atvinnuskyni, og eigi stefnandi því enga bótkröfu að þessu leyti. Til vara hefur stefndi mótmælt fjárhæð dagbóta svo og dagafjöldi, enda sé hann vitalaus af hinum óeðlilega drætti, er á viðgerðinni varð.

Þótt eigi sé það sannað í málinu, að stefnandi hafi notað bifreið sína svo mjög í þágu atvinnu sinnar, sem hann vill vera láta, og ekkert liggja fyrir um beinan kostnað hans af þessu tilefni, þykir hann eiga rétt til nokkurra bóta fyrir óþægindi þau og aukna fyrirhöfn, er hann hafi af árekstri þessum haft. Samkvæmt gögnum þeim, sem fyrir hendi eru um eðlilegan viðgerðartíma, þykja bætur að þessu leyti hæfilega ákveðnar kr. 600.00.

Stefndi hefur ekki andmælt sérstaklega kröfu stefnanda um viðurkenningu lögveðréttar í bifreiðinni K 16, og ber því, með skirskotun til 5. mgr. 34. gr. laga nr. 23 frá 1941, að taka þá kröfu til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður gert að greiða stefnanda kr. 947.27 + 600.00 að $\frac{2}{3}$ hlutum, eða samtals kr. 1031.51, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00, og á stefnandi lögveðrétt í bifreiðinni K 16 til tryggingar framangreindum fjárkröfum.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindur lögveðréttur er viðurkenndur.

Stefndi, Jón Jónsson, greiði stefnanda, Ingólfi Guðmunds-
syni, kr. 1031.51 með 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1944 til
greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá
lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. júní 1946.

Nr. 71/1946. **Jón Ingimarsson** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn

Guðmundi Holberg Þórðarsyni

og

Halldóru Björnsdóttur og gagnsök

(Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. maí 1946, krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og að gagnáfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur, sem áfrýjað hafa málinu með stefnu 11. júní 1946, krefjast þess, aðallega að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að synjað verði um framkvæmd útburðargerðar. Svo krefst og gagnáfrýjandi Guðmundur Holberg Þórðarson málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, en gagnáfrýjandi Halldóra Björnsdóttir krefst málskostnaðar fyrir hæstarétti af aðaláfrýjanda.

Sameign aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Halldóru að hús-